

Ferðamálaráð Íslands
654. fundur haldinn mánudaginn 16. febrúar 2004 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Dagur Eggertsson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Steingrímur Birgisson, varafulltrúi SAF
Ásborg Arnþórsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri
Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs.

1. Fundargerð 653. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Afgreiðsla vegna fjárlagaliðar 1.11 (Upplýsingamiðstöðvar) og 1.21 (Umhverfisverkefni)
Lagðar voru fram tillögur að skiptingu fjár vegna upplýsingamiðstöðva. Þá lá einnig fyrir með hvaða hætti samgönguráðuneytið mun koma fjárhagslega að því máli. Tillagan var samþykkt samhljóða

Umhverfisfulltrúi gerði grein fyrir tillögum vegna styrkja til umhverfisúrbóta. Í þeirri tillögu var gert ráð fyrir að auglýsa að nýju eftir umsóknum vegna 7,9 milljóna,sem yrðu á færðar á milli flokka. Tillagan var samþykkt samhljóða

3. Nýjar reglur um hafnir 1. 7. 2004

Á fundinum kom Jóhann Guðmundsson skrifstofustjóri í samgönguráðuneytinu og svaraði spurningum um það með hvaða hætti þessar nýju reglur gætu haft áhrif á komu skemmtiferðaskipa og umferð farþega þeirra.

4. Aðild Ferðamálaráðs að Cruise Iceland

Lögð voru fram á fundinum drög að stofnasamningi Cruise Iceland, sem eru samtök aðila,sem vilja vinna í sameiningu að markaðsetningu Íslands fyrir skemmtiferðarskip og bæta aðstöðu fyrir þau. Samþykkt samhljóða að Ferðamálaráð Íslands yrði stofnaaðila að samtökunum.

5. Dreift nokkrum fréttum undanfarinna vikna

6. Önnur mál

Formaður gerði að umtalsefni skýrsluna um íslenska eldhúsið og óskaði eftir því við varaformann, sem sat í þeirri nefnd er vann skýrsluna að hann ynni samantekt til umræðu í ráðinu. Dagur Eggertsson óskaði eftir að á sama hátt yrði unnin samantekt hvað varðaði skýrslur um heilsutengda ferðapjónustu og menningartengda ferðapjónustu.

Pétur Rafnsson lagði fram erindi Ferðamálasamtaka Íslands vegna Ferðatorgs 2004 7.-9. maí og óskaði eftir aðild Ferðamálaráðs með sama hætti og áður. Það var samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 12:55.